

Hafnarfirði, 28. júní 2016
1606465 GG

Umsögn

Efni: Garðavegur 3, bílskúr, fyrirspurn.

Þann 24.6. 2106 sendir Smári F. Smáráson fyrirspurn til byggingarfulltrúa vegna byggingar bílskúrs vestan megin á lóðinni við Garðaveg 3.

Sk. brunavirðingu er húsið byggt árið 1925 og fellur því undir lög um menningarminjar nr. 80/2012. Garðavegur 3 stendur á svæði II (rauðbrúnt) sk. Húsverndun í Hafnarfirði, tillaga vinnuhóps, frá 2002 sem höfð var til grundvallar við mótun húsverndarstefnu Aðalskipulags Hafnarfjarðar. Þar segir: *Hús á þessu svæði eru önnur kynslóð húsa og mynda að mestu samfellda byggð yngri bárujárnshúsa. Við óskir um breytingar innan þessara svæða þyrfti að viðhafa aðgát.*

Í ljósi þessa verða erindi er snerta Garðaveg 3 send Minjastofnun Íslands til umsagnar.

Sk. byggingarreglugerð nr.112/2012, 4. breyting nr. 360/2016 kafla 2.3, 2.3.5. gr. lið i segir: Eitt lítið hús á lóð, hér undir fellur m.a. bílskúr, að uppfylltum kröfum.

Tekið er jákvætt í erindið að uppfylltum skilyrðum. Leggja þarf fram teikningar er sýna nánari útfærslu byggingarinnar. Bílskúrin skal falla vel að götumynd hvað varðar stærð og hlutföll sem og efnisvali. Skúrin skal taka mið af bílskúr er stendur á lóðarmörkum Garðavegs 3 og 5 og liggur neðar í landi. Með því að grafa út fyrir bílskúr á lóðinni verður hann minna áberandi í landi og fellur betur að nálægu umhverfi. Uppfylla þarf kröfur byggingarreglugerðar um fjarlægð frá lóðarmörkum. Komi til framkvæmda verður að fjarlægja núverandi skúr þar sem einungis er heimilt að hafa einn skúr á lóð eins og fram kemur hér að ofan.

Senda skal teikningar af fyrirhuguðum bílskúr til umsagnar Minjastofnunar Íslands um leið og sótt er um leyfi til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. Verði erindið samþykkt þarf fyrirhuguð framkvæmd að fara í grenndarkynningu sk. 1. mgr. 44 gr. skipulagslaga 123/2010.

Gunnþóra Guðmundsdóttir
arkitekt